

13. VESTMANNAEYJAPOSTURINN fer frá *Breiðabólstað* að *Ljótsstöðum* daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar póstattaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.
14. ÁRNESSYSLUPOSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði*, svo fljótt sem unnt er, eftir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeiðum, annar að *Arnarbæli* í Grímsnesi, og snúa þeir báðir þegar aptur að Hraungerði. Hinn þriðji fer ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eftir að Hraungerði.
Reykjavík 14. febrúar 1887.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

1886

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um ný lög um skipun prestakalla. — Með brjefi 23. sept. f. á., sendi landshöfðingi Thorberg sál. hingað þingsályktun, sem samþykkt var af neðri deild alþingis 1885, þar sem skorað er á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1887 lagafrumvarp um skipun prestakalla, er fari því fram að fast árgjald sje ákveðið úr landssjóði til hvers prófastsdæmis, er þess kynni að þurfa, eða árgjald frá einu prófastsdæmi til annars og að hjeraðsfundum prófastsdæmanna verði heimilað með samþykki landshöfðingja að jafna prestaköllin með tillagi frá einu til annars, og með því að skipta milli þeirra landssjóðstillaginu til prófastsdæmisins eða tillagi annars prófastsdæmis til þess. 28. des. 6

En eins og Thorberg landshöfðingi tók það fram um leið og hann sendi hingað þingsályktun þessa, að hún að hans áliti væri of óákveðin og málið eigi nógu vandlega hugað, og yfir höfuð væri efni þingsályktunarinnar svo úr garði gjört, að eigi væri hún takandi til greina, þannig getur ráðgjafinn heldur eigi fundið næga ástæðu til eftir þessari áskorun, frá aðeins annari þingdeildinni, að fara nú þegar að gjöra ráðstafanir til að reyna til að fá svo verulegu atriði breytt í lögnum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, sem tæplega eru 7 ára gömul.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

1887

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útgáfu veitingarbrjefa fyrir brauðum. — Í þóknanlegu brjefi, 24. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi spurzt fyrir um, hvort ekki skuli farið eftir auglýsingu 15. okt. 1884, þegar veitingarbrjef er gefið samkvæmt lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða 8. jan. 1886, þannig að landshöfðingi gefi að eins veitingarbrjef fyrir þeim prestaköllum, sem metin eru minna en 1800 kr. 13. jan. 7

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að spurningu þessari verður að svara játandi, sbr. einnig ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu 1885

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um afnám svokallaðra Marín- og Pjeturslamba. — Síðasta al- 14. jan. 8

8 14. jan. Þingi hefur samþykkt og þjer, herra landshöfðingi, síðan hingað sent með brjefi 16. okt. f. á. frumvarp til laga um afnám svonefndra Mariu- og Pjeturslamba, þar sem farið er fram á, að sú sjerstaka skylda sem hvílir á nokkrum bændum í sumum prestaköllum í norður- og austuramtinu að fódra svonefnd Mariu- og Pjeturslömb fyrir sóknarpresta sína, skuli afnumin við næstu prestaskipti. Þjer hafið einnig getið þess í nefndu brjefi yðar, að fyrir prestaköll þau, sem hlut eiga að máli, Hjaltastað, Desjarmýri, Klippstað, Svalbarð og Saudanes nemi tekjugrein þessi eptir nógildandi verðlagsskrá 80 kr. 28 a., 62 kr. 44 a., 31 kr. 22 a., 55 kr. 92 a. og 69 kr. 90 a. á ári hverju og þannig sje að ræða um eigi allsendis óverulega tekjugrein fyrir prestaköll þau, sem hjer eiga hlut að, þar sem byrðin, að fódra eitt lamb að vetrinum til, geti að hinu leytnu eigi kallazt tilfinnanleg fyrir þá, sem hana eiga að bera. En hvað sem öðru líður, þá er auk þess hjer að ræða um lagarjett, sem hlutaðeigandi kirkjur eiga, og það verður að telja það ísjárvert að rýra tekjur prestakalla þessara, sem eru tekjulítil undir. Þess vegna verður ráðgjafinn að vera sömu skoðunar og þjer, herra landshöfðingi, að svo framarlega sem ástæða kynni að þykja til að ljetta byrði þessari af bændum þeim, sem hana eiga að bera, þá á einungis að gjöra það með lögum á þann hátt, að prestaköllunum sje um leið að fullu bættur tekjumissir sá, sem þau þar af leiðandi verða fyrir.

Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans samkvæmt framanrituðu hefur hans hátign konunginum síðan þóknast 8. þ. m. allramildilegast að fallast á, að frumvarpi því til laga um afnám Mariu- og Pjeturslamba, sem alþingi hefur samþykkt, skuli synjað um staðfestingu konungs.

Þetta er eigi látið hjá líða í sambandi við brjef ráðgjafans 13. des. f. á. þjóntustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-ðeild Stjórnartíðindanna.

9 4. jan. Ágrip af brjefi landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurborgun á láni handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörða. — Með brjefi þessu var leyft, að bráðabirgðalán það sem Reykjavíkur kaupstað var veitt með brjefi landshöfðingja 28. janúar f. á. (sbr. Stj.tíð. 1886 B 21) og sem var að upphæð 3500 kr. og átti að endurborgast að fullu innan ársloka 1886, megi endurborga á 15 árum með $\frac{1}{15}$ árlega þannig að fyrsta afborgun sje greidd innan ársloka 1888. Af láninu greiðist 4% í vöxtu um árið frá lántökudegi.

10 4. jan. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lög-tak fyrir ógoldnum grunnleigum til landssjóðs. — Með þóknanlegu brjefi, 16. nóvember síðastliðinn hafið þjer, herra amtmaður skýrt mjer frá, að síldarveiðarmenn 2, sem haustið 1882 fengu útmældar lóðir undir hús í landareign þjóðjarðarinnar Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, hafi eigi goldið hina áskildu grunnleigu fyrir 1886, en hún er 50 kr. af hvorri lóðinni fyrir sig, er greiðist að hálfu til landssjóðs og að hálfu til leiguliða, og hafið þjer jafnframt, útaf fyrirspurn frá umboðsmanni Möðruvallaklausturs leitað úrlausnar minnar um það, hvort rjett sje að umboðsmaður þessi láti taka nefnda grunnleigu lögtaki í húsum þeim, er á lóðunum standa, eins og eptirgjald eptir þjóðjarðir, og hvort honum, ef svo væri, beri að krefjast lögtaks á grunnleigunni allri, eða aðeins á þeim helmingi hennar, sem á að renna í landssjóð.